

Fundarnúmer:	546
Dagsetning:	23.06.2008
Tími:	10:00
Staður:	Skrifstofa sveitarstj.

Fundarnúmer: 546
Dagsetning: 23.06.2008
Tími: 10:00
Staður: Skrifstofa Sveitarstjóra

546. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 23. júní 2008 kl. 10:00 á skrifstofu sveitarstjóra.

Dagskrá:

1. Farið yfir stöðu einstakra mála og verkefna.

Afgreiðslur:

1. Farið yfir stöðu einstakra mála og verkefna.

Farið yfir samningsdrög og boðaðan fund um starfsendurhæfingu í Húnavatnssýslum. Sveitarstjóra falið að sækja fund um það málefni sem haldinn verður á Blönduósi 26. júní nk. kl. 14:00. Mál þetta verður kynnt frekar á næsta fundi byggðarráðs.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir að athugasemd hafi borist frá Gunnari Sveinssyni, fyrrverandi íþrótta- og tómstundafulltrúa/tómstundafulltrúa við svör sveitarstjóra vegna fyrirspurnar frá Oddi Sigurðarsyni í fundargerð byggðarráðs nr. 544. Athugasemdin lýtur að því að á árinu 2004 var staða íþrótta- og tómstundafulltrúa hjá Húnaþingi vestra lögð niður og færðist þá eftirlit með umhirðusamningum til forstöðumanns tæknideildar eða fulltrúa hans.

Farið yfir einstök mál m.a. sérfræðiþjónustu félagsþjónustu, grunnskóla og leikskóla, málefni leikskóla, gatnagerð, þjónustu móttöku- og flokkunarstöðvar, málefni vatnsveitu, endurgerð útilistaverks o.fl.

Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 11:25

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.), Skúli Þórðarson(sign.),
Elín R. Lindal(sign.), Stefán Böðvarsson(sign.).

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).